

“Þú verður að afsaka, faðir minn”, svaraði Eberhard í hæðnisróm, “að ég get ekki aðhyllt þessa óþýðu siðlerðiskenningu, sem þú heldur fram. Menn leita gæfunnar með ýmsu móti, eftir upplagi hvers eins. Skáldið leitar hennar í hugmyndaflugi sínu, ágjarni maðurinn í gullinu, drykkjumaðurinn í vín-glasinu, vísindamaðurinn í raunsóknum sínum, trú-arvinglsmaðurinn í skoðunum sínum, hirðmaðurinn í sólskini hinnar konunglegu náðar. Hver skyldi voga að halda því fram, að einn eða annar hafi valið rangt? Alt maunlegt líf hvílir á ófrjálsum grundvelli, og við verðum að hlýða þeim veraldarlögum, sem yfir okkur ráða. Það eru forlögin, sem leika sér að okkur, og gefa hverjum einum leikföng sín. Jæja, faðir minn, leyfðu mér að eiga mín — og enginn mun öfunda þig af þínum”.

Með vaxandi óánægju hlustaði gr. afinn á fjarstaður þessar, sem hinn ungi maður taldi upp forlagatrúar meginreglur, fluttar með sínum óhultleik og sannfæringu, hlutu að hafa óþægileg áhrif á hið eðallynda hugarfar greifans.

“Eberhard”, sagði hann og horfði fast á son sinn, “þær meginreglur, sem þú virðist aðhyllast, eru ekki annað en léleg blæja, sem lestir og glæpir reyna að hylja sig með. Það eru engin óraskanleg veraldarlög til, sem teyma okkur eða leiða, en það er til mild og góð forsjón, sem hefir úthlutað okkur misjöfnum hvötum, en um leið gefið okkur þrek til að sigrast á hinum vondu en aðhyllast þær góðu. Ímyndaðu þér ekki, sonur minn — og hann bentí um leið á sólina, sem var að setjast — ímyndaðu þér ekki, að þessi hnöttur, sem dag eftir dag dreifir ljósi sínu um jörðina, lýsi að eins þeirri kynslóð, sem mist hefir sitt innra ljós. Nei, eins og hann með sínum glóandi geislum framleiðir ávakt nýjar tilbreytilegar myndir, þannig framleiðir sól frelsisins á